



DAGSKRÁIN Í VOR KOMIN Á VEFINN

Í gær var heildardagskrá Listahátíðar kynnt og viðburðavefurinn opnaður.

Í vor verða yfir 60 viðburðir á dagskrá hátíðarinnar þar sem **allar listgreinar koma við sögu**. Íslenskir listamenn sýna á sér **nýjar og óvæntar hliðar**, í mörgum tilvikum í **samstarfi** við erlenda listamenn. Auk íslenskra listamanna í fremstu röð koma á hátíðina **erlendar stórstjörnur** og **listamenn á hraðri uppleið** líkt og verið hefur aðalsmerki hátíðarinnar frá upphafi.

Skoða dagskrá og kaupa miða: www.listahatid.is og www.midi.is



Miðasala rýkur af stað

Miðasala á viðburði Listahátíðar í Reykjavík **hófst í gær að loknum blaðamannafundi** þar sem dagskrá hátíðarinnar var kynnt. Miðasalan tók strax kipp og er ljóst að fólk ætlar ekki að missa af þeim frábæru viðburðum sem verða á hátíðinni í vor. Meðal þeirra viðburða sem kynntir voru, eru **tónleikar Megasar** í Háskólabíói, **húslestrar og vinnustofutónleikar, Flamenco** í Óperunni, **Bedroom community** í Þjóðleikhúsinu og margt, margt fleira. [Sjá alla viðburði hér.](#)

Listahátíðarflug

Flugfélag Íslands býður sérstakar pakkaferðir í tilefni Listahátíðar 2010 svo fólk um land allt á þess nú kost að fara í **borgarferð á Listahátíð í Reykjavík**. Flugið er frá Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum og er hægt að velja um þrjár mismunandi pakkaferðir í maí svo að sem flestir ættu að sjá sér fært að komast og finna eitthvað við sitt hæfi. Hægt er að kaupa þessar ferðir á [vef Flugfélags Íslands](#).

Raunveruleikatékk

Einkennismynd Listahátíðar í Reykjavík 2010 heitir **Afi** og er eftir ljósmyndarann **Friðgeir Helgason**, sem heldur sýninguna Breiðholt - í augnablikinu á Listahátíð í vor. Í fyrsta sinn verður haldin **sérstök hátíð ljósmyndarinnar** á Listahátíð undir heitinu **Raunveruleikatékk**, sem endurspeglar mikilvægi ljósmyndarinnar í skráningu raunveruleikans, listum og öllum samskiptum í dag. Tuttugu ljósmyndasýningar verða í sýningarsölum, söfnum og á götum úti auk námskeiða og viðburða í tengslum við þær.